

Hvalfjarðarsveit  
Helga Harðardóttir  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes

Reykjavík, 12. júní 2024  
UST202405-253/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir frístundabyggð - Litli-Botn Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 27. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Litla - Botni.

Í greinargerð kemur fram að skipulagið er innan reita F40 og F41, sem ætlaðir eru fyrir frístundabyggð í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 50 lóðum fyrir frístundabyggð, 29 á vestursvæði og 21 á austursvæði. Stærð lóða er frá 3.871 m<sup>2</sup> til 13.307 m<sup>2</sup>. Hámarksbyggingarmagn á hverri lóð miðast við nýtingarhlutfall 0,03 í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi, þó að hámarki 250 m<sup>2</sup>. Byggja má þrjú hús á hverri lóð, frístundahús, gestahús allt að 40 m<sup>2</sup> og geymslu allt að 25 m<sup>2</sup>.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur og er númer 201 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá.“

Í dag er svæðið óraskað og innviðir og byggingar í dalnum fáar. Því þarf náttúruminjaskrá að vera umhverfisviðmið í umhverfismati með viðeigandi matsspurningum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um áhrif tillögunnar á svæðið en að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan hafa óveruleg til neikvæð áhrif á ásýnd og landslag og birkigróður. Því þarf að setja nánari skilyrði varðandi uppbyggingu svæðisins.

### Birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfáanar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.

(<https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>)

Umhverfisstofnun leggur áherslu á verndun birkiskóga á svæðinu, en þeir eru hluti af verndargildi svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að Land og skógur hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd. Því er mikilvægt að leitað sé umsagnar Lands og skógar.

### **Fráveita**

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Reglugerð nr. 798/1999 setur fram kröfur um hreinsun á fráveituvatni.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er -hreinsivirki- sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

### **Samlegðaráhrif**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metin séu samlegðaráhrifum tillögunnar við aðrar framkvæmdir á verndarsvæðinu, en fyrirhugað er að reisa hótél fremst í dalnum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Ríkey Kjartansdóttir  
**sérfræðingur**